



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 18. mars 2021

RMF18010001

0.10.3

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

### ***Þróunarverkefnið Tónlistarborgin Reykjavík***

Þróunarverkefnið Tónlistarborgin Reykjavík hófst sumarið 2017 eftir samþykkt þar um í borgarráði. Þróunarverkefnið var til þriggja ára og skipuð ráðgjafanefnd með aðilum úr tónlistarlífinu sem reyndist vel þegar fyrstu skrefin voru tekin.

Nú þegar þróunarverkefninu er lokið og Tónlistarborgin búin að finna taktinn undir hatti menningar- og ferðamálasviðs, er lagt til að ekki verði endurskipað í ráðgjafanefndina.

Sjá nánar meðfylgjandi rökstuðning verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.

Hjálagt:

Minnisblað um ráðgjafanefnd Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur 2017-2020, dags. 25. feb 2021

## Minnisblað Ráðgjafanefnd Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur 2017 - 2020

Reykjavík 25. febrúar 2021

Starfshópur um Tónlistarborgina Reykjavík var skipaður af borgarstjóranum í Reykjavík þann 9. desember 2016 en hópurinn hafði það hlutverk að móta tillögur um Tónlistarborgina Reykjavík og áætlun um framfylgd þeirra í samráði við hagsmunaaðila í tónlistarlífinu. Skýrsla starfshópsins kom út í lok maí 2017 og í júlí hið sama ár var undirrituð ráðin verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar og hóf störf haustið 2017, fyrst í hálfu starfi og svo fullu starfi um tveimur mánuðum síðar.

Samhliða því að verkefninu um Tónlistarborgina Reykjavík var ýtt úr vör skipaði borgarstjóri fimm manna ráðgjafanefnd verkefnisins til þriggja ára sem skipuð var með eftirfarandi hætti:

Arna Schram, menningar- og ferðamálasviði (formaður)  
Sigfríður Björnsdóttir, skóla- og frístundasviði  
Unnsteinn Manuel Stefánsson, tilnefndur af borgarstjóra  
Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi ÚTÓN  
Sigtryggur Baldursson, fulltrúi ÚTÓN

Fyrsti fundur nefndarinnar og verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar var haldinn þann 29. september 2017 og hittist hópurinn frekar ört fyrst um sinn er verkefnið var á miklu mótunarskeiði en síðasti formlegi fundur nefndarinnar var haldinn í júlí 2019.

Það var þó ekki einungis á formlegum fundum sem samskipti nefndarinnar og verkefnastjóra fóru fram. Verkefnastjóri stofnaði Facebook-hóp þar sem nefndin og verkefnastjóri gátu deilt áhugaverðum upplýsingum og skipst á hugmyndum en einnig áttu sér stað samskipti beint á milli verkefnastjóra og einstakra aðila í nefndinni. Mikið og gott samstarf hefur svo frá upphafi verið á milli verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar og ÚTÓNs með þau Sigtrygg Baldursson og Bryndísi Jónatansdóttur í fararbroddi, rétt eins og lagt var upp með. Af samstarfsverkefnum Tónlistarborgar og ÚTÓN má nefna Firestarter viðskiptahraðalinn, fræðsluverkefnið Hitakassann fyrir ungt tónlistarfólk í Músíktílaunum, veffræðsluverkefnið Tónatal, Record in Iceland kynningarverkefnið og ritstjórn skýrslunnar um áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað sem kom út í júní 2020.

Segja má að á síðari hluta árs 2018 hafi þörfin fyrir formlega fundi ráðgjafanefndarinnar minnkað er verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur hóf að nýta rýnihópa í ríkari mæli í sínu starfi og þegar virku samtali og samstarfi var komið á við tónleikastaði borgarinnar. Í mars / apríl 2020 þegar áhrifa heimsfaraldurs fór að gæta hér á landi átti verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar frumkvæði að því að áhrif hans á íslenskan tónlistariðnað yrðu kortlögð og að mótaðar yrðu tillögur að úrræðum stjórnvalda fyrir tónlistariðnaðinn. Sú vinna stóð yfir til

júníloka 2020 og smám saman varð til öflugur samráðsvettvangur íslensks tónlistarlífs sem Tónlistarborgin er hluti af. Eftir að skýrslan kom út tók við öflugt kynningarstarf og svo vinna óformlegs starfshóps sem átti í miklu og öflugum samtali við stjórnvöld sem skilaði sér í aðgerðum þeim sem kynntar voru í október sl.

Það má því segja að rýnihópar og samráðs- og samstarfsvettvangur hinna ýmissa skrifstofa, verkefna og fagfélaga í tónlist hafi smám saman tekið yfir hlutverk ráðgjafanefndar Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur.

Það er mat verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar að ekki séð þörf á sérstakri ráðgjafanefnd fyrir verkefnið en að áhersla verði lögð á áframhaldandi þátttöku Tónlistarborgarinnar í samráðs- og samstarfsvettvangi tónlistariðnaðarins, að rýnihópar verði áfram notaðir til að vera verkefnastjóra innan handar við að móta hin ýmsu verkefni og að áfram verði það leiðarljós Tónlistarborgarinnar að eiga í miklu og góðu samtali við fulltrúa ólíkra grunnstoða í íslensku tónlistarlífi með það að markmiði að móta mikilvæg samstarfsverkefni sem styrkja tónlistarlífið í Reykjavík.

Með vinsemd og virðingu,

---

María Rut Reynisdóttir,  
verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur